

sjóður hinum skipaða málfærslumanni áfrýjanda Gísla yfirréttarmálaflutningsmanni Sveinssyni málfærslukaup fyrir yfirdómi með 20 krónum.

Nr. 50/1912:

Réttvísín  
gegn  
Guðna Einarssyni.

### Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta, þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

1. Fá skýrslu ákærða um það, hvernig Ólafur sá Jónsson, er hann kveðst hafa selt umgetin smíðatól o. fl., hafi verið í hátt og hvernig klæddur.
2. Fá skýrslu heimilisfólks á Melstað á Bráðræðisholti um það, hvort Ólafur Jónsson, sá er hér geti verið um að ræða, hafi þekst þar.
3. Yfirheyra fólk það í Hjálpræðishernum, er upplýsingar gæti gefið um gistingu ákærða þar nóttina milli 6. og 7. jan. þ. á., sbr. réttarhald 9. jan. og 14. febr. þ. á.
4. Yfirheyra menn þá, er upplýsingar gætu gefið um erindagerðir ákærða hér í bænum 6. og 7. jan. þ. á. (sbr. réttarhald 9. jan. þ. á.).
5. Yfirheyra Guðmund kaupmann Þórðarson í Gerðum, og ef þörf þykir heimilsfólk hans, um hvað kunnugt hafi verið um peningaeign ákærða, er hann fór þaðan til Reykjavíkur 6. jan. þ. á.

6. Fá upplýsingar þær, sem fengist geta hér innanlands um sannindi þess, er ákærði hefir frá skýrt um viðskifti sín við Sigvalda Hákonarson.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og þær aðrar upplýsingar, er framhaldsprófin kunna að gefa tilefni til að leita.

### Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem verða má.

